



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarfélaga

Reykjavík 15. júlí 2019

1906009SA KB

Málalykill: 00.36

## Efni: Jafnlaunavottun

Nú, þegar tæpir sex mánuðir eru til ársloka 2019, vill Samband íslenskra sveitarfélaga minna sveitarfélög á lögbundinn frest til að öðlast jafnlaunavottun. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 56/2017 um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun) sem tóku gildi 1. janúar 2018, skulu opinberar stofnanir, sjóðir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins og þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli hafa öðlast vottun á jafnlaunakerfi og framkvæmd þess eigi síðar en 31. desember 2019. Á þetta jafnframt við um sveitarfélög.

Innleiðing jafnlaunakerfis samkvæmt Jafnlaunastaðli ÍST 85 er viðamikil verkefni sem krefst góðs skipulags og nægs framkvæmdatíma. Í niðurstöðum könnunar sem forsætisráðuneytið lét gera meðal fyrirtækja og stofnana sem hafa öðlast jafnlaunavottun kemur fram að algengt er að vanáætla framkvæmdatíma fyrir innleiðingu jafnlaunakerfa sem og fyrir sjálft vottunarferlið. Í því ljósi vill sambandið hvetja sveitarstjórnir til að hafa lögbundinn frest í huga við skipulag innleiðingarinnar.

Eftir samráð við skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu ná lögín til eftirfarandi 56 sveitarfélaga:

- |                                   |                                 |
|-----------------------------------|---------------------------------|
| 1. Akraneskaupstaður              | 21. Hrunamannahreppur           |
| 2. Akureyrarbær                   | 22. Húnaþing vestra             |
| 3. Bláskógabyggð                  | 23. Hvalfjarðarsveit            |
| 4. Blönduósibær                   | 24. Hveragerðisbær              |
| 5. Bolungarvíkurkaupstaður        | 25. Hörgársveit                 |
| 6. Borgarbyggð                    | 26. Ísafjarðarbær               |
| 7. Dalabyggð                      | 27. Kópavogsbær                 |
| 8. Dalvíkurbyggð                  | 28. Langanesbyggð               |
| 9. Djúpavogshreppur               | 29. Mosfellsbær                 |
| 10. Eyjafjarðarsveit              | 30. Mýrdalshreppur              |
| 11. Fjallabyggð                   | 31. Norðurþing                  |
| 12. Fjarðabyggð                   | 32. Rangárþing eystra           |
| 13. Fljótsdalshérað               | 33. Rangárþing ytra             |
| 14. Flóahreppur                   | 34. Reykhólahreppur             |
| 15. Garðabær                      | 35. Reykjanesbær                |
| 16. Grindavíkurbær                | 36. Reykjavíkurborg             |
| 17. Grímsnes- og Grafningshreppur | 37. Seltjarnarnesbær            |
| 18. Grundarfjarðarbær             | 38. Seyðisfjarðarkaupstaður     |
| 19. Grýtubakkahreppur             | 39. Skaftárhreppur              |
| 20. Hafnarfjarðarkaupstaður       | 40. Skeiða- og Gnúpverjahreppur |

- 41. Skútustaðahreppur
- 42. Snæfellsbær
- 43. Strandabyggð
- 44. Stykkishólmsbær
- 45. Suðurnesjabær
- 46. Svalbarðsstrandahreppur
- 47. Sveitarfélagið Árborg
- 48. Sveitarfélagið Hornafjörður

- 49. Sveitarfélagið Skagafjörður
- 50. Sveitarfélagið Skagatrönd
- 51. Sveitarfélagið Vogar
- 52. Sveitarfélagið Ölfus
- 53. Vestmannaeyjabær
- 54. Vesturbyggð
- 55. Vopnafjarðarhreppur
- 56. Þingeyjarsveit

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri